

Stjórnarfundur SKL

Haldinn á Hótel Borg, kl. 08:30, 30.01.2012

Mætt voru Hilmar Oddsson, Silja Hauksdóttir, Friðrik Þór Friðriksson og Óskar Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Fyrri vinnustofan í Hveragerði átti sér stað núna síðustu helgi og þykir hafa heppnast vel.
3. Sömuleiðis 'Kvikmyndaskoðun SKL', Á annan veg eftir Hadda Gunna var tekin fyrir síðasta miðvikudag. Næsta skoðun verður miðvikudaginn 29. feb, þar sem Borgríki Ólafs Jóhannessonar verður tekin fyrir.
4. Silja og Hilmar eru búin að skoða Happ fyrir aðalfundinn, beðið er eftir tilboði frá þeim. Fundur 20.02. Samþykkt að byrja kl. 19:00 og bjóða fram léttan kvöldverð, áfengir drykkir á kostnað félagsmanna. Kosning stjórnar, lagabreytingar, þ.e. hækkun á félagsgjaldi upp í 20.000.-
5. Sótt hafa um aðild að félaginu Valdís Óskarsdóttir, Vera Sölvadóttir, Jón Karl Helgason, Rúnar Rúnarsson, Hafsteinn Gunnar Sigurðsson.
6. SKL hefur áhuga á að starfrækja handritavinnustofu áfram, helst tvisvar á ári – með svipuðu fyrirkomulagi. Rætt um hvort að SÍK taki þátt í umframkostnaði, sem hefur fallið á SKL.

Ritari var Óskar Jónasson.